Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Ert þú áskrifandi að viku-blaði verkafólks?

Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

42. tölublað | Þriðjudagur 7. nóvember 1978 | 7. árgangur | verð kr. 100.-

Atvinnulýðræði og einkagróðinn



Enn er komin upp umræða um atvinnulýðræði. Svo einkennilega vill til nú að atvinnurekendur virðast hlynntir því, að minnsta kosti ef marka má orð Ragnars Halldórssonar álforstjóra í sjónvarpi nýlega.

Hvernig stendur á því að kapítalistarnir vilja koma á atvinnulýðræði? Þetta verður þeim mun óskiljanlegra og undarlegra í ljósi þess að atvinnulýðræði er einmitt meginatriðið í sósíalisma Alþýðubandalagsins. Er Ragnar Halldórsson orðinn sósíalisti? Þetta er alvarlegt mál. Það sjá allir. Endalokin verða sjálfsagt þau að Albert og Geir og hvað það nú heitir íhaldsliðið breytist í sósíalista.

Það fer ekki á milli mála að óskabarn AB-forystunnar, atvinnulýðræðið, nýtur nú aukinna vinsælda. Nýjustu aðdáendurnir eru atvinnurekendur.

AB-forystan leggur málin þannig upp að launþegar "fái aðild" (minnihlutaaðild auðvitað) að stjórnum fyrirtækja og smám saman eignist þeir meira uns þeir eigi allt. Hókus-pókus, allt í einu og öllum á óvart þá er kominn sósíalismi. Þannig eiga völd og yfirráð kapítalistanna yfir atvinnutækjunum smátt og smátt og nánast sjálfvirkt að renna þeim úr greipum. Og vel að merkja, þetta gerist með aðstoð og velvilja fórnarlambanna sjálfra, atvinnurekendanna.

Að vísu slær Alþýðubandalagsforystan þann varnagla að hvorki sé um að ræða sósíalisma né tilraun til að skerða völd atvinnurekenda með atvinnulýðræði. Sami var vitaskuld skilningur Ragnars álforstjóra.

Þannig er "sósíalismi" Alþýðubandalagsins alls ekki sósíalismi og honum er ekki ætlað að hrófla við völdum atvinnurekendanna.

AB-forystan kallar nefnilega stefnu sína sósíalisma þegar talað er til verkafólks en það heitir allt öðru nafni þegar talað er til atvinnurekenda.

Hversvegna atvinnulýðræði?

Enn er ósvarað spurningunni um það hversvegna óskabarn AB-forystunnar er jafnframt að verða óskabarn atvinnurekenda.

Fram kom í sjónvarpsþætti nýlega að Jón Snorri Þorleifsson og Ragnar álfursti voru sammála um að þetta krefðist undirbúnings. Það yrði að "mennta" og fræða verkafólk svo að það gæti "tekist á við þessi ábyrgðarstörf". Og álfurstinn lagði á það ríka áherslu að "fulltrúar launþega í stjórnum fyrirtækjanna yrðu að skilja að fyrirtækið verður að skila hagnaði". Þ.e. að gróðinn sé markmið atvinnurekstrarins. Þannig verður fulltrúinn í stjórn fyrirtækisins að starfa fyrir hagsmuni einkagróða atvinnurekandans.

Hverju breytir það þá fyrir launþega að fá fulltrúa í stjórn fyrirtækis ef þeir mega ekki

framhald á síðu 2

Afstaða útgerðarmanna: Öryggisreglur óþarfar meðan slys hafa ekki orðið

Síðasta þing Sjómannasambands Íslands samþykkti nýlega að krefjast banns við loðnuveiðum djúpt út af vesturlandi í desembermánuði næstkomandi. Krafa þessi hefur valdið miklum deilum og umræðum í fjölmiðlum.

Yfir hörðustu vetrarmánuðina er sjór mjög kaldur á þessum stöðum, eða allt að $-2^{o}C$ og snögg veðrarbrigði algeng, svo stormur getur skollið á mjög skyndilega. Einnig eru veðurlýsingar af nágrenninu litlar og því erfitt um veðurspá.



Öryggismál sjómanna eru í lamasessi.

Andstæðingar veiðibannsins hafa bennt á að í febrúar séu oft mun harðari veður en í desember. Reyndar kemur febrúar þessu máli ekkert við því loðnan byrjar að ganga austur og sunnar í hlýrri sjó, upp úr miðjum desember. Þá hefur verið bent á að slæmra veðra sé einnig von í nóvember og að desember hafi liðið svo að ekki skylli á fárviðri. Rannsóknir hafa hins vegar sýnt að í desember er mjög hætt við slæmu veðri og áhætta því mikil að vera að veiðum þegar svo slæmt veður getur skyndilega skollið á að hundruð mannslífa séu í hættu.

Í umræðuþættinum Kastljósi í sjónvarpinu s.l. föstudag sagði útgerðarmaður einn að skipstjórar væru manna færastir um að meta hættuástand hverju sinni og hvort haldið skyldi til veiða. Taldi hann því fráleitt að einhverjir aðrir settu bann við veiðum vegna hættuástands. Sjálfur hafði hann tvisvar lent í svo slæmu veðri úti fyrir suðurlandi að hann óttaðist um líf sitt. Hvað var það semgerðist þá? Brást skipstjórinn? Hvað hefði nú gerst ef þetta hefði verið úti fyrir norð-vesturlandi, á drekkhlöðnu skipi? Staðreyndin er sú að þótt skipstjórar séu líklega manna hæfastir til að meta aðstæður til sjósóknar, hafa dæmin sannað að veðrabrigði geta komið þeim í opna skjöldu.

Sumir skipstjóranna eru jafnframt útgerðamenn og þótt þeir geti greint hættuástand hefur því miður allt of oft skort vilja til að taka öryggi mannanna fram yfir gróðasóknina. Hið sama hefur verið uppi á teningnum í afstöðu útgerðarmanna til takmörkunar á hleðslu skipanna. Þeir benda á að bæði veiðibann og strangari reglur um hleðslu þýði minni tekjur fyrir áhöfn, útgerð og vinnslustöðvar.

Vissulega er sjómönnum sárt um að missa af tekjum en þeir eiga líka líf sitt í hættu ef út af bregst. Það er því ekki furða þótt þeir eigi frumkvæðið að því að taka öryggi fram yfir ágóða, gagnstætt viðhorfum kapítalista sem sitja í stofunni heima hjá sér.

Stéttabaráttan tekur heilshugar undir kröfur sjómanna um veiðibann yfir mesta hættutímann og strangari reglur um hleðslu, er miðist við aðstæður hverju sinni svo sem veðurfar. Það er algjörlega ótækt að stofna hundruðum mannslífa í hættu til þess að prófa það hvort drekkhlaðin skipin sleppa úr frostköldum sjónum ef fárviðrið skellur á.

7. nóvember 1917-1978

Þann 7. nóvember sl. var 61 ár liðið frá byltingu verkalýðsins í Rússlandi.

Fyrsta verkalýðsríkið leit dagsins ljós og verkalýður og vinnandi alþýða Sovétríkjanna hóf uppbygginguu fyrsta sósíalíska þjóðfélagsins.

Borgarastéttir annarra ríkja í Evrópu vöknuðu við vondan draum. Ekki færri en fimmtán ríki tóku þátt í árásarstríði gegn hinu unga verkalýðsríki. Þrátt fyrir öflugan andstæðing bæði innan og utan ríkisins tókst alþýðu Sovétríkjanna að reka innrásarherina af höndum sér.

Efnahagsuppbygging Sovétríkjanna var hin stórkostlegasta sem heimurinn hafði þá horft upp á og meðan auðvaldsríkin á Vesturlöndum áttu við kreppuna miklu að etja þá óx framleiðsla Sovétríkjanna hröðum skrefum.

Enda þótt sósíalisminn í Sovétríkjunum væri sigursæll gegn innlendum og erlendum árásaröflum allt frá Hitler til Trotskys kom að því að borgarastéttin sigraði. Gagnbylting Krústjeffs sigraði í miklum átökum sem urðu á árunum 1953-56.

Hinir nýju valdhafar hófust strax handa við að gera hina miklu sigra sósíalismans að engu og stofna fasískt ríki. Nú eru Sovétríkin sannkallað heimsvaldaríki og af þeim stafar heimsfriðinum nú mest hætta.

En ósigur verkalýðsins í Sovétríkjunum er tímabundinn. Verkalýður Sovétríkjanna mun fyrr en síðar halda aftur út á braut sósíalismans.

LEIÐARI

Kjaraskerðingar "vinstri" stjórnar

Efnahagsúrræði "vinstri" stjórnarinnar virðast ekki leiða til neinnar lausnar á þeim vandamálum sem fyrir lágu þegar stjórnin tók við. Hinir svokölluðu verkalýðsflokkar hafa ekki bent á aðrar leiðir en gamla stjórnin. Á sama hátt og hægri stjórnin sér hún enga aðra lausn en breyta launaliðum framleiðslu kostnaðarins, launþegum í óhag. Nýjustu hliðstæðurnar eru að breyta vísitölugrundvellinum. Nú er verið að ræða um það hvort ekki sé rétt að taka óbeina skatta út úr vísitölunni. Ef það verður gert fær ríkisstjórnin frjálsar hendur með að flokka þessa skatta án þess að það hækki kaupgreiðsluvísitöluna. Þetta er hægt að gera á tvennan hátt, annars vegar með því að taka óbeina skatta út úr vísitölunni en halda niðurgreiðslunum inni í henni. Ríkið gæti því notað hluta af hækkuðum óbeinum sköttum til að greiða niður vöruverð. Vísitalan myndi því hækka þrátt fyrir hærra vöruverð á flestum vörutegundum og launþegar fengju það ekki bætt vegna þess að vísitalan hefur ekki hækkað.

Önnur leið er sú að taka bæði óbeina skatta og niðurgreiðslur út úr vísitölunni. Ef það væri gert kæmu niðurgreiðslurnar á vöruverði launþegum til góða. Allar líkur eru samt á því að niðurgreiðslurnar yrðu ekki notaðar til að greiða niður vöruverð heldur til að styrkja iðnaðinn, t.d. með því að greiða niður raforkuverð eða annan kostnað sem iðnaðurinn verður nú að borga til samfélagsins. Þetta yrði auðvitað til að lækka vöruverð og minnka verðbólguna. Kaupgreiðsluvísitalan myndi því ekki hækka vegna þess að ríkið hefði hirt stærri hluta af laununum. Þetta væri því óbein kjaraskerðing, en ríkistjórnin gæti hrósað sér af því að hafa stöðvað víxlverkun kaupgjalds og verðlags. Þetta hefði að vísu verið gert með því að auka álögurnar á launþegum, en minna verður rætt um það. Þetta eru þær leiðir, sem hinir svokölluðu verkalýðsfokkar hafa mestan áhuga á að fara. Bæði er mun auðveldara fyrir þessa flokka að verja þessar aðgerðir sem eru óbeinar kjaraskerðingar og engin hætta er á því að verkalýðsforingjarnir standi gegn þeirri stjórn sem þeir tóku mikinn þátt í að skapa. auk þess sem þetta eru í flestum tilfellum þeirra eigin flokks félagar, sem eru að koma þessum aðgerðum í gegn.

Varðandi beinu skattana, þá eru þeir ekki inni í vísitölunni, og því virðist vera allt í lagi að hækka þá til að auka tekjur ríkisins. Fjárlögin hans Tómasar Árnasonar gera líka ráð fyrir að hlutfall tekjuskatts í tekjum ríkisins geti verið mun hærra en það er nú. Fjármálaráðherra segir að hann hafi farið þessa leið vegna þess að tekjuskattur sé ekki inni í vísitölunni og hækkunin sem ráðgerð er komi því ekki til með að hækka laun. Þannig vill Framsóknarflokkurinn framkvæma kjaraskerðinguna. Það er eitt af samningsatriðunum milli ríkisins og verkalýðshreytingarinnar að hækka ekki hlutfall beinna skatta í tekjum ríkisins. Nú er þetta samningsatriði gleymt, eða einskis metið ef taka á mark á fjárlögum fyrir næsta ár.

Launþegar verða alvarlega að gera upp hug sinn, hve langt þeir geta liðið þessari ríkisstjórn að ganga. Þeir lækka ekki aðeins launin heldur marg brjóta þeir kjara samninga og ganga freklega á rétt launþega. Það er engin ástæða fyrir verkafólk að láta þetta lýðast öllu lengur án nokkura mótmæla. Ef það verður gert mun ríkisstjórnin ganga enn lengra í þessa átt.

Höldum vöku okkar og mótmælum þeim auðvaldslausnum sem vinstri stjórnin aðhyllist í efnahagsmál unum.

framhald af forsíðu

Atvinnulýðræði

gera neitt nema það sem einka hagsmunir atvinnurekandans krefjast?

Auðvitað nákvæmlega engu. Nema því að þarna verða til nk. aukaverkalýðsforingjar, nýir bitlingar handa uppkeyptu verkalýðsforystunni, þar sem hún fær kaup fyrir að slæva baráttuhug launþeganna. Þetta heitir að gera verkafólk ábyrgt fyrir rekstri fyrirtækisins.

Gylfi Þ. Gíslason benti í sjónvarpinu á hina ástæðuna fyrir því að atvinnulýðræði er vinsælt nú. Hagfræðingar eins og Gylfi hafa nefnilega sannað að aðild launþega að stjórnun fyrirtækja eykur framleiðnina og þar með einkagróða atvinnurekandans.

Þarna er kominn kjarni málsins. Þetta eykur einkagróða kapítalistanna. Sókn auðherranna í hámarksgróða er svo takmarkalaus að þeir jafnvel taka undir "sósíalisma" AB-forystunnar ef það hefur aukinn gróða í för með sér.

AB-forystan

Hvernig stendur á því að AB-forystan tekur þetta mál upp? Jú þetta er í samræmi við stefnu AB, friðsamlega leið til sósíalisma. Hún er svona ofboðslega friðsamleg.

AB-forystan er að reyna að flikka upp á gegnumrotið stéttasamvinnuandlit sitt. Og þessu lýðskrumsbulli er ætlað það hlutverk. Árangurinn á svo að vera aukinn pólitískur stuðningur verkafólks og atvinnurekenda við Alþýðubandalagið.

En fyrst þarf að "mennta og fræða" verkafólk svo það "geti tekið á ábyrgan hátt þátt í stjórnun fyrirtækjanna". Það á að telja verkafólki trú um að þetta lýðskrumsbull sé því í hag.

Þetta eru fyrst og fremst hagsmunir atvinnurekenda: Þeir vilja auka framleiðnina og þar með einkagróða sinn. Þetta er í öðru lagi hagsmunir verkalýðsforystu AB og annarra borgaralegra flokka: Þeir fá nýja bitlinga fyrir þá þjónustu sína að auka framleiðnina og einkagróðann og fyrir að slæva stéttarvitund verkafólks með "ábyrgri afstöðu" til einkagróðans. Þetta er í þriðja lagi hagsmunir AB sem borgaralegs verkalýðsflokks: Það vill aukinn stuðning atvinnurekenda og verkamanna, fjárstuðning og atkvæði.

Hagsmunir atvinnurekenda og uppkeyptu verkalýðsforystunnar, hvort sem er í AB eða Sjálfstæðisflokki, fara saman eins og flís við rass. Sama gildir um AB í heild. Hagsmunir þessara hópa eru að viðhalda auðvaldaþjóðfélagi á Íslandi. Þeir eru allir pólitískt og fjárhagslega háðir því.

Þessvegna geta launþegar einskis góðs vænst af uppkeyptu verkalýðsforystunni né AB. Verkalýðs-og launþegafjöldinn hefur allt aðra hagsmuni, þ.e. að losna við auðvaldsskipulagið.

Allt sem uppkeypta forystan gerir er að reyna að lappa upp á arðránskerfið með sýndartillögum og lýðskrumsbulli íklætt fallegu orði eins og lýðræði.

Annarskonar atvinnulýðræði.

Það er til önnur aðferð til að koma á atvinnulýðræði í raun og veru. Hún er fljótvirkari, sársaukaminni fyrir alla og árangursríkari. Það er einfaldlega að afnema einkaeign á atvinnutækjum í eitt skipti fyrir öll og fá hinum vinnandi fjölda þau í hendur.

Til þess að sú leið verði fær þarf að svipta uppkeyptu forystuna völdum innan verkalýðs félaganna. Það þarf að reka úr stjórnum félaganna alla sem taka persónulega og flokkslega hagsmuni og hagsmuni auðherranna fram yfir hagsmuni fjöldans og velja í þeirra stað baráttufúsa og trausta verkamenn.

Jónasismi

framhald af baksíðu

þriðja heiminum? Nei, þessir auðhringar hafa sölsað undir sig gífurleg auðæfi í þriðja heiminum, þar er allt sem kapítalistarnir þrá: nóg af hráefnum, ódýrt vinnuafl og í mörgum tilfellum ríkisstjórnir sem eru leppar þessara auðhringa. Kapítalistarnir kaupa þær upp og í staðinn borga þeir enga skatta. Ríkisstjórnin og herinn sjá svo um að vinnufriður haldist í landinu. Er þetta ekki gróði? Nei, ekki að áliti Jónasar, hann finnur út tap.

"Nýlenduveldin hafa meira að segja tapað á viðskiptum sínum við þriðja heiminn. Bretland hefur ekki náð sér enn."

Sem sagt, Bretar eru fátækir vegna þess að þeir hafa átt nýlendur. Ætli ástæðan sé ekki frekar að breskt efnahagslíf er í vanda vegna þess að bretar hafa misst nýlendur sínar og vegna óstjórnar heima fyrir. Reyndar hafa margir breskir auðhringar mikil ítök víða í þriðja heiminum, eins og t.d. BP og British Steel. En sá gríðarmikli gróði kemur ekki breskum verkalýð til góða.

Í leiðara 4.11. talar Jónas fjálglega um hversu ástandið hafi batnað og hversu allt sé gott og blessað. Síðan segir hann: "Almenningur menningarsögunnar bjó í eymd og volæði. Flestir dóu á fyrsta aldursári eða í bernsku. Fáir komust yfir þrítugt. Öll ævin var endalaus vinnuþrælkun. Og þetta var hlutskipti níu manna af hverjum tíu."

Hefur Jónas hugleitt hvernig ástandið er í þriðja heiminum og hversu meðalaldur fólksins þar er hár og hversu margir deyja úr hungri? Ástandið þar er eins og í lýsingu Jónasar hér að framan og þetta er að

framhald á síðu 3



ÚR BARÁTTUNNI

"SPARNAÐUR" Í RÍKISREKSTRINUM

Einn liður í fjárlögum ríkisstjórnarinnar er sparnaður í ríkisrekstri.

Þar á að spara hvorki meira né minna en rúmar 500 milljónir.

Hvernig á að spara þetta?

Jú, það á að endurskoða og breyta vaktakerfi í löggæslu og á sjúkrahúsum. Einnig á að fjölga nemendum í bekkjum og fækka bekkjum þar með.

Þetta hefur að sjálfsögðu þær afleiðingar að reka á fólk úr þessum starfsgreinum. Það á að fækka hjúkrunarfólki, það á að fækka kennurum og það á að fækka fólki við löggæslustörf.

Eini sparnaður sem þessari ríkisstjórn dettur í hug að gera er að fækka fólki. Þetta er raunar tillaga um að reka fjölda opinberra starfsmanna og stórauka þar af leiðandi starfsálagið á hina.

Á sama tíma og þessar bollaleggingar eru uppi er þessi sama ríkisstjórn að ráða fjölda starfsmanna til ríkisins. Allir ráðherrarnir ætla að ráða aðstoðarmenn og síðan á að ráða blaðafulltrúa. Væri ekki ráð að spara þar fyrst?

Opinberir starfsmenn verða að vera vel á verði og berjast harðlega gegn þessum tillögum.

VERÐHÆKKANIR OG VÍSITALA

Nú er lokið með sigri iðnrekenda deilum þeirra við ríkisstjórnina út af hækkunum á gosdrykkjum og smjörlíki.

Það vakti athygli að fulltrúar launþega í verðlagsnefnd skyldu greiða atkvæði með hækkununum. Í yfirlýsingu frá þeim seinna kom fram að sú afstaða ríkistjórnarinnar að veita ekki umbeðna hækkun að fullu, átti aðeins að gilda um tíma. Það átti sem sé að veita viðbótarhækkunina strax og vísitalan hefði verið reiknuð út. Þetta kalla þeir háu herrar víst að draga úr verðbólgu þ.e. verðhækkanir sjást ekki á skýrslum í þrjá mánuði. Gegn þessum bellibrögðum snérust fulltrúar launþega og vildu að væntanlegar hækkanir kæmu strax inn í vísitöluna. En þessir sömu fulltrúar voru hins vegar skömmu áður búnir með atkvæði sínu, að samþykkja röksemdir atvinnurekenda fyrir "nauðsyn" hækkunarinnar.

Það er vafamál hvorir standa sig betur, "fulltrúar" verkafólks innan verkalýðshreyfingarinnar, eða "verkalýðsflokkarnir" í ríkisstjórn. Aðrir samþykkja verðhækkun og hinir reyna að svindla henni fram hjá vísitölunni.

GRUNNSKÓLAKENNARAR

Allir muna að fyrir þremur vikum stóð yfir barátta grunnskólakennara fyrir því að öll kennarapróf gæfu sömu launaréttindi.

Samband grunnskólakennara stóð í aðgerðum vegna þessa máls. En vegna afstöðu nokkurra manna í stjórn landssambands framhaldsskólakennara rann það út í sandinn. Málinu

framhald á síðu 3

HAFIÐ SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS M-L

Miðstjórn og ritstjórn Stéttabaráttunnar: sími 27810 og pósthólf 1357 121 R. einnig í Rauðu Stjörnunni bókabúð, Lindargötu 15, opið mánud. - föstud. kl. 16:00 - 18:30.

AKUREYRI
Jón Atli Játvarðsson
Skarðshlíð 30.

KEFLAVÍK
Einar Jónsson
Sólvallagötu 40c.

HAFNARFJÖRÐUR
Fjóla Rögnvaldsdóttir
Reykjavíkurvegi 24.

HELLISSANDUR
Sigfús Almarsson
Hellisbraut 10.

HORNAFJÖRÐUR
Margrét Einarsdóttir
Silfurbraut 2

SVÍÞJÓÐ
Kristján L. Guðlaugsson
Kämnärsvägen 11 N:220
222 46 LUND

Lærdómar af 5. bindi Maó formanns

Sameinum fjöldann gegn endurskoðunarstefnunni

"Við stöndum andspænis tvennskonar þjóðfélagslegum andstæðum- milli okkar og óvinanna og andstæðum meðal alþýðunnar. Eðli þessara tveggja andstæðna er alger lega ósamstætt". (5. bindi bls. 334).

Endurskoðunarstefnan er angi borgaralegrar hugmyndafræði. Hún er andstæð marxisma, sósíalískri byltingu og alræði öreiganna. Hún hafnar hugmyndafræðilegu og starfrænu forystuhlutverki öreigastéttarinnar en aðhyllist forystu borgarastéttarinnar. Tilvist endurskoðunarstefnunnar endurspeglar höfuðmóthverfu auðvaldsþjóðfélagsins milli öreigastéttar og borgarastéttar innan verkalýðshreyfingarinnar. Hún er til marks um nærveru, áhrif og völd borgarastéttarinnar í verkalýðshreyfingunni. Þess vegna er endurskoðunarstefnan ekki hluti af skoðanakerfi alþýðunnar, hún er hluti af skoðanakerfi borgarastéttarinnar. Þess vegna er andstæðan milli marxisma og endurskoðunarstefnu ekki andstæða meðal alþýðunnar heldur andstæða milli verkalýðsins og óvina hans.

Í afstöðu kommúnista til endurskoðunarstefnunnar koma tvenns konar villur fram. Annars vegar tilhneiging til að láta endurskoðunarsinna leiða fjöldann, en verða sjálfur taglhnýtingur endurskoðunarstefnunnar. Frávik trotskýista frá kommúnismanum birtast einmitt í því, að þeir gerast taglhnýtingar endurskoðunarstefnunnar og eru raunverulega hluti endurskoðunarstefnunnar. Sumir halda, að barátta gegn endurskoðunarstefnunni sundri fjöldanum og

5. grein

leitast þess vegna við að sameinast endurskoðunarsinnum. Slík afstaða sviptir kommúnista sjálfstæði sínu og geldir allt starf þeirra. Hins vegar er sú skoðun, að málamiðlun gagnvart endurskoðunarsinnum sé óleyfileg, að allir sem lúta forystu endurskoðunarsinna, séu það líka og að sérhvert frávik frá marxismanum sé endurskoðunarstefna. Í báðum tilfellum stafa villurnar af því að ekki er gerður réttur greinarmunur milli endurskoðunarsinnanna og fjöldans. Í fyrra tilfellinu fórna menn kommúnískri stefnu til þess að "ná til fjöldans". Í því síðara að skilja menn sig frá fjöldanum vegna "fastheldni við grundvallarreglur" og ótta við málamiðlanir við endurskoðunarsinna. Í báðum tilfellum verða villurnar til þess að styrkja endurskoðunarstefnuna en veikja kommúnismann.

Hverjir eru forvígismenn endurskoðunarstefnunnar á Íslandi: Það er forysta Alþýðubandalagsins og snúningadrengir hennar innan fjöldahreyfingar íslenskrar alþýðu. Yfirgnæfandi meirihluti þeirra sem fylgja Alþýðubandalaginu að málum, gera það ekki vegna atfylgis við borgarastéttina, heldur vegna þess að þeir álíta að Alþýðubandalagið sé verkalýðsflokkur sem ætli sér að skapa sósíalískt Ísland. Yfirgnæfandi fjöldi þeirra sem styðja við bakið á Alþýðubandalaginu innan fjöldahreyfinganna gera það ekki vegna þess að þeir séu mótfallnir verklýðssinnaðri stefnu, heldur vegna þess að þeir álíta stefnu þess verkalýðssinnaða, eða þeir halda að stærð og atkvæðamagn Alþýðubandalagsins geri það hæfara til þess að hrinda áhugamálum þeirra í framkvæmd. Þegar berjast skal gegn endurskoðunarstefnunni ættu kommúnistar því að beina spjótum sínum að stefnu Alþýðubandalagsins og sósíalheimsvaldastefnu Sovétríkjanna. Þeir ættu undir engum kringumstæðum að berjast gegn öllum félögum Alþýðubandalagsins, heldur einungis gegn þeim forystumönnum þess sem endanlega hafa svikið málstað verkalýðsins og sósíalismans. Barátta gegn stefnu Alþýðubandalagsins og sósíalheimsvaldastefnu Sovétríkjanna mun opna augu alþýðunnar og gera hana andsnúna borgaralegum og heimsvaldasinnuðum hugmyndum. En til að þessi barátta verði árangursrík verður bæði að kveða niður þær villur sem gera vart við sig í afstöðunni til endurskoðunarstefnunnar og eins að hafa ætíð í huga að leggja traust sitt á fjöldann og sameina fjöldann en sundra honum ekki.

Sem dæmi um þetta má taka ritling sem nefnist "Barátta gegn endurskoðunarstefnunni" og var gefinn út af forvígismönnum þeirra sem klufu Kommúnistaflokkinn 1977. Þessi ritlingur inniheldur varla eitt orð um höfuðvígi endurskoðunarstefnunnar á Íslandi eða um sósíalheimsvaldastefnu Sovétríkjanna. Þvert á móti beinist hann eingöngu gegn Kommúnistaflokknum. Einvörðungu þetta atriði, að draga athyglina frá höfuðvígjum endurskoðunarsinna og brennimerkja hluta kommúnísku hreyfingarinnar sem endurskoðunarsinna, gerir mikið ógagn. Það ruglar alþýðuna í ríminu, felur eðli endurskoðunarstefnunnar og beinir baráttunni frá endurskoðunarstefnunni gegn kommúnismanum. Þessi ritlingur er meinsemd í baráttunni gegn endurskoðunarstefnunni og raunverulega stuðningur við endurskoðunar-



Frá 1, maí fundi KFÍ m-l og EIK m-l 1976.

stefnuna í baráttu hennar gegn kommúnismanum. Hann er skýrt dæmi um fullkomið skilningsleysi á verkefnum kommúnista og mismuninum á milli þeirra tveggja tegunda andstæðna sem Maó talar um. Með því að gera fræðilegar deildur kommúnista að ósættanlegri móthverfu og fagna sundrungu þeirra sem lofsverðri og gagnlegri, er einungis verið að má út muninn milli vina og óvina.

Verkefni kommúnista er að sameina alþýðuna gegn endurskoðunarstefnunni. Það verður ekki gert með því að rugla saman endurskoðunarstefnu og kommúnisma, með því að sundra þeim sem berjast vilja gegn endurskoðunarstefnunni eða með því að afgreiða alla sem endurskoðunarsinna sem eru manni ekki sammála. Kommúníska hreyfingin þarf að ganga milli bols og höfuðs á rangri afstöðu gegn endurskoðunarstefnu Alþýðubandalagsforystunnar og sósíalheimsvaldastefnu Sovétríkjanna.



Frá innrás sósíalheimsvaldasinnanna í Tékkóslóvakíu sumarið 1968.

Jónasismi

framhald af síðu 2

kenna auðhringunum og hinum kapítalísku löndum sem með aðstoð fasískra leppa berja niður frelsisbaráttu alþýðunnar Við þurfum raunar ekki að leita langt til að finna hungur og fátækt af þeirri gerð sem Jónas hefur svo mikið dálæti á að tala um. Í hinum vestræna heimi eru milljónir manna atvinnulausir. Sífellt berast okkur fréttir um aukið atvinnuleysi og að verkalýðsæskunnar sem nú er að alast upp bíði ekkert annað en atvinnuleysi.

Í leiðara 5.11. sem ber hið magnþrungna nafn "Ískaldur sannleikur" heldur Jónas áfram að reyna að sýna lesendum fram á ágæti auðvaldisins. Hann segir m.a.: "Það er ekki Kína og Indland sem eru matarforðabúr heimsviðskiptanna. Það eru Bandaríkin og Efnahagsbandalagið , sem framleiða svo mikinn mat að hvorki er unnt að selja né geyma öll þau ósköp."

Þarn rataðist kjöftugum satt orð í munn. Það eru ekki Kína og Indland sem eru matarforðabúrin, en ef við lítum aðeins betur á málið þá komumst við að því að Kína er sósíalískt ríki og þar hafa allir að minnsta kosti til hnífs og skeiðar. Hvernig var ástandið fyrir byltinguna? Þá svalt allur þorri manna og verst var ástandið einmitt þar sem bresku heimsvaldasinnarnir kúguðu þjóðina. Indland er í hópi auðvaldsríkja. Þar ríkja lögmál hins frjálsa markaðar og fæstir hafa í sig og á.

Að lokum er fróðlegt að athuga hvað Jónas á við með orðinu ríkar þjóðir. Hann talar um að "arabaríkjunum hafi tekist að komast í hóp ríku þjóðanna". Eflaust er auðvaldið í þessum löndum forríkt, en Jónas veit vel að allur þorri alþýðunnar lifir við ömurleg kjör.

Sú spurning hlýtur að flögra að manni hvers vegna Jónas ber á borð jafn rakalausan þvætting. Ástæðan er sú að með þessum skrifum sínum þjónar hann ákveðnum hagsmunum. Hagsmunum atvinnurekenda og einokunarauðvaldsins. Sjálfsagt finnst honum þetta vera sín hjartans sannfæring.

Rauða Stjarnan Bókabúð

Nú er Rauða Stjarnan opin mánudaga til fimmtudaga frá kl. 16.00 til kl. 18.00 og auk þess á föstudögum frá kl. 16.00 til kl. 19.00.



GRUNNSKÓLAKENNARAR

framhald af síðu 2

var vísað til kjaranefndar sem hefur þagað vandlega síðan þetta var.

Menn velta því nú eðlilega fyrir sér hvað hafi orðið af málinu.

Það sem gerst hefur er þetta. Stjórn LSFK og SGK lögðu fram tillögur, nokkuð samhljóða, fyrir ríkisstjórnina. Í þeim fólst að mestu það sem kennarar fóru fram á. Síðan eru alþýðubandalags- og framsóknarmenn í stjórnum þessara félaga búnir að standa í "samningaviðræðum" við flokksbræður sína, fjármálaráðherrann og menntamálaráðherrann. Þess er vandlega gætt að kennarar geti ekki fylgst með málinu. Það á að svæfa málið í samningaviðræðum og á meðan á hinn almenni félagi í kennarasamtökunum að bíða.

Það er greinilegt að ríkisstjórnin ætlar ekki að koma til móts við kröfur kennara nema að mjög litlu leyti. Hún viðurkennir að prófin eigi að gefa sömu laun en vill ekki að það komi til framkvæmda fyrr en 1. júli 1979. Stjórn LSFK krafðist fyrst að það gilti frá og með samningunum 1977 en hefur nú fært sig til áramóta 1978-79.

Kennarar hljóta að gera þá kröfu til forystumanna kennarafélaganna að þeir skýri þegar frá gangi mála og hætti öllu makki við ríkisstjórnina.

Það er ljóst að þeir forystumenn kennara sem vildu gefa stjórninni frest til að athuga málin voru fyrst og fremst stuðningsmenn stjórnarinnar. Þeir vilja koma í veg fyrir að launþegar grípi til aðgerða gegn henni. Þeir taka hagsmuni flokks síns og ríkisstjórnarinnar fram yfir hagsmuni launþeganna.



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
42.tbl. 7.árg. 7.11. 1978

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður
Ingi Andrésson.

Halldór Pétursson
Laugalæk 13
R.

Jónasismi

Undanfarna daga hafa leiðararnir í Dagblaðinu verið um upphaf kapítalismans og þróun hans fram á okkar daga. Eru leiðarar þessir skrifaðir af hinni landskunnu blekbullu Jónasi Kristjánssyni. Ekki ristir söguskilningur Jónasar djúpt, jafnvel þótt hann hafi sótt í skóla einhvern fróðleik um þessi efni. Fyrsti leiðarinn um þessi efni birtist fyrir rúmri viku síðan og nefndist: "Ævintýri auðmagnsins". Til frekari glöggvunar skulum við taka nokkrar tilvitnanir í hann. "..Fyrir um það bil 2oo árum uppgötvuðu Vesturlandabúar hvernig þeir gátu orðið ríkir, þeir gerðu iðnbyltingu og hófu markaðsbúskap." Svo einfalt er það. Varla er hægt að hugsa sér meiri fölsun og ódýrari söguskoðun í tveimur línum. Auðvitað var málið ekki það að vesturlandabúar hafi fyrir u.þ.b. 200 árum uppgötvað hvernig þeir gátu orðið ríkir. Þetta á sér miklu lengri aðdraganda og kostaði mikla baráttu, baráttu sem iðnmeistararnir og gildin háðu við lénsveldið og þá þjóðfélagsgerð sem þá ríkti. Á þeim tíma þótti það vera synd að taka vexti af lánum. En í auðvaldsþjóðfélaginu þá tíðkast það að taka okurvexti og þykir alveg sjálfsagt.

"Sama var upp á teningnum í upphafi iðnbyltingarinnar, því að eigendur fjármagns tóku fyrr við sér en eigendur vinnuaflsins. Þá ríkti ástandið sem Karl Marx hefur lýst. En það arðrán er löngu úr sögunni." Hvílík speki! Hvað á Jónas við með því að eigendur fjármagnsins hafi fyrr tekið við sér en eigendur vinnuaflsins? Með auknum vexti borganna, sem átti sér stað vegna þess að leiguliðar, smábændur og hjú flosnuðu upp, varð til fámenn stétt manna sem stundaði verslun og iðnað. Þessa menn köllum við borgara (borgarastétt). Með aukinni tækni og iðnbyltingunni urðu þessir menn sífellt ríkari. Þeir urðu ríkir af því að þeir notuðu sér hið ódýra vinnuafl sem fyrir var, með öðrum orðum, þeir arðrændu verkalýðinn. Hinn mikli fjöldi, verkalýðurinn, hafði ekkert annað en sitt vinnuafl að selja. Er arðránið löngu úr sögunni? Nei, þvert á móti. Að vísu hefur hagur verkalýðsins á svokölluðum vesturlöndum batnað, en gróði auðherranna hefur aukist margfalt og hann skiptist sífellt á færri hendur með aukinni einokun.

"Sumir halda að þessi auður sé tekinn frá þriðja heiminum, sem selur ríku þjóðunum mat og hráefni á of lágu verði. Þetta er rangt. Það eru einkum ríku þjóðirnar sem framleiða og selja mat og hráefni. Ríku þjóðirnar framleiða hvorki meira né minna en 70% af mat og hráefnum heimsins og hafa því ekki hag af lágu verði á þessum vörum."

Ekki bólar á hausnum á Jónasi upp úr fúafeni útúrsnúninga og sögufölsunar. Hvers vegna hafa Bandaríkin verið að skipta sér af málefnum Asíu, Suður-Ameríku og Afríku? Hvað eru auðhringar eins og United Fruit Company og International railways of Central America, Shell Esso og mörg fleiri að gera í þriðja heiminum? Eru þau að koma iðnbyltingunni á í

framhald á síðu 2



Hinn "vestræni" heimur arðrænir og kúgar þjóðir 3ja heimsins.

Skattahækkun í bígerð

Ríkisstjórnin er óþreytandi við skottulækningar sínar á verðbólgunni. Allar byggja þær á sömu kunnu setningunni "Þær verðhækkanir sem koma ekki inn í kaupgjaldsvísitölu, valda ekki verðbólgu.

Í samræmi við þessa fáránlegu speki, hefur ríkisstjórnin nú ákveðið að fella óbeina skatta úr kaupgjaldsvísitölunni svo hægt sé að hækka þá "án þess að það valdi verðbólgu" Svona skottulækningar duga nokkuð meðan svo er um samið að kauphækkanir verði ekki meiri en vísitölu hækkun nemur. En eins og Ólafur Ragnar Grímsson benti forstjórum Flugleiða og Eimskips á, þá þýðir ekki að sýna fólki útreikninga um meðalfargjöld, þegar það þarf að borga mun meira úr buddunni sinni. Eins mætti flokkurinn hans ÓRG gera sér ljóst, að ekki dugir til lengdar að sýna fólki vísitölureikninga um kaupmátt þegar það sá á sínni eigin buddu að hann stenst ekki. Það kemur því að því, að fólk samþykkir ekki lengur að fá kaup greitt eftir plat-vísitölu, heldur gerir kaupkröfur í samræmi við raunverulegan framleiðslukostnað.

Verðhækkanir og skattahækkanir koma því til með að kalla á auknar kaupkröfur hvort sem þær eru í vísitöluútreikningnum eða ekki. Sú ráðstöfun að taka óbeina skatta út úr vísitölunni, er því skottulækning sem slær ryki í augu almennings og gefur ríkisstjórninni færi á að koma í gegn tímabundnum kjaraskerðingum.

Þegar þessi ríkisstjórn springur sem ýmislegt bendir til að verði upp úr áramótum., verður aldeilis flott fyrir nýju hægri-stjórnina að geta hækkað vörur, þjónustu og skatta í gríð og erg og troðið svo samkomulagi þar um upp í kjaftinn á verkalýðsforystunni ef hún ætlar eitthvað að þenja sig.

Á að skerða vísitöluna 1.des?

Atvinnurekendur hafa nú þegar hafið áróður sinn til undirbúnings árása á væntanlega vísitöluhækkun á kaup 1.desember n.k. Það líður varla sá fréttatími í útvarpi eða sjónvarpi, að ekki komi þar yfirlýsingar atvinnurekenda um að ef væntanleg kauphækkun verði 1.des. blasi við lokun fyrirtækja og atvinnuleysi.

Má vera að marg yfirlýst umhyggja þessara manna fyrir hag láglaunafólks, nísti hjörtu þeirra en pyngjan ræður gerðum. Þeir tíma ekki að sjá af hlut af ágóða sínum til að borga hærri laun.

Nú síðast hafa atvinnurekendur neitað að fallast á afturköllun fjölda verkalýðsfélaga á uppsögnum samninga, sem koma átti 1.des, n.k. Þetta þýðir að atvinnurekendur halda samningum lausum og hvað gerist ef ekki verður samið fyrir 1.des.?

Af yfirlýsingum atvinnurekenda má ráða, að þeir hyggjast loka nokkrum fyrirtækjum til þess að knýja á um sitt mál. Fjöldi fyrirtækja getur ekki sagt upp starfsfólki sínu upp með skömmum fyrirvara og verður því að borga því laun á meðan á vinnustöðvun stendur, nema sett hafi verið á verkbann. Ef atvinnurekendur setja á verkbann, verður verkafólk að krefjast þess að fyrirtækin verði þjóðnýtt. Að vísu er ekki mikil von til þess, að við þeirri kröfu verði orðið, en hún er sjálfsögð krafa verkafólks og heimild er líka fyrir því í lögum að þjóðnýta megi fyrirtæki sem ekki eru starfrækt.

Nokkur félög hafa ekki afturkallað uppsögn samninga, en ekki eru það allt félög sem þekkt eru af hörku í baráttunni fyrir kjörum verkafólks. Það læðist því óneitanlega að, sá ljóti grunur, að t.d. félag eins og VR hafi annað í hyggju en að bæta stöðu félagsmanna sinna.

Þannig er nefnilega mál með vexti að atvinnurekendur vilja ekki fallast á neina samninga 1.des, nema svo verði um hnútana búið, að vísitölugrundvellinum verði breytt á þann hátt að fyrirsjáanleg kauphækkun komi ekki að fullu til framkvæmda. Í þeim félögum sem íhaldið ræður ríkjum, má því búast við að samið verði um nokkra kauphækkun, sem útskýrð verði "leiðrétting launa til samræmis við sambærileg störf annars staðar", en séð svo um að verðbólgan fái að éta þau upp í hasti, bótalaust. Í þeim félögum sem stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar ráða ríkjum verður kjaraskerðingin svo trúlega réttlætt sem "nauðsynleg ráðstöfun til að draga úr verðbólgu" og þótt ekkert dragi úr verðbólgu segja þeir okkur að við verðum að vera samvinnuþýð við vinveitta ríkisstjórn. Það er gott að eiga vini og prófaðu að biðja kaupmanninn að skrifa jólasteikina á vináttureikning ríkistjórnarinnar.

Greinilega er nú gerð hörð hríð að kjörum verkafólks. Nauðsynlegt er því að fylgjast vel með þróun mála, vera á verði gagnvart lygaáróðri og blekkingum og mæta af hörku þeim árásum á lífskjörin, sem í undirbúningi eru.



Gegndarlausar kjaraárásir skella nú á alþýðunni í formi vísitölufölsunar og skattahækkana.